



**Ertu að velta fyrir þér...**

**Örútbodum?**



Þetta rit er ætlað sem upplýsingarit fyrir opinbera kaupendur sem eru að velta fyrir sér örútbodum innan rammisamnings



## **1. Hvenær hentar að fara í örútboð innan rammisamnings:**

---

Forsendur fyrir örútboði eru:

- Þegar einhver áveðin skilyrði eða kjör eru ekki tiltekin innan rammisamningsins
- Að tilboði/tilboðum sé tekið í kjölfar útboðs séu verð/kjör hagstæð.

## **2. Til athugunar áður en farið er af stað:**

---

Það er gott að tileinka sér þau vinnubrögð að kanna hjá Ríkiskaupum hvert umfang fyrirhugaðra kaupa geti verið þannig að þau falli vel innan rammisamnings og að sem hagstæðust kjör náist.

Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða mikið magn, langan afhendingartíma eða umfangsmikla þjónustu er tilvalið að nýta örútboð til að ná fram hagstæðari kaupum innan rammisamningsins með samkeppni milli birgja eða þjónustuaðila.

Í þessum tilfellum er gott að vega meta fyrirfram hvaða tími og vinnuframlag fer í örútboðið til að fullvissa sig um að sparnaðurinn verði meiri en kostnaðurinn.

Þá er einnig gott að huga að því með hvaða hætti örútboðið muni fara fram, t.d. skoða rafræn niðurboð.

## **3. Þarfalýsing:**

---

Leggðu vel niður fyrir þér hvaða þarfir er fyrirhugað að uppfylla þ.e hvaða vöru eða þjónustu er óskað eftir.

Örútboð má aldrei ná til vöru eða þjónustu sem ekki fellur undir viðkomandi rammisamning. Þá mega almenn, áður umsamin kjör í rammisamningi ekki breytast við örútboð.

## 4. Kröfulýsing:

---

### Fyrir vörur:

Kröfulýsing fyrir vöruna skal vera í fullu samræmi við kröfulýsingu rammisamningsins. Í örútbóðinu er hægt að semja sérstaklega um atriði eins og styttri eða lengri afhendingartíma, afhendingartíðni, afhendingarstaði, þjónustustig ofl.

Lágmarkskröfur þurfa að vera skýrar. Ef ekki er staðið við þær lágmarkskröfur sem samþykktar eru í örútbóði má ógilda útbóðið.

### Fyrir aðkeypta þjónustu:

Kröfulýsing verður að skýr og auðskiljanleg þannig að bjóðendur lendi ekki í erfiðleikum við að skila inn tilboðum í það sem beðið er um. Það þarf að vera skýrt og vel skilgreint hvað þjónustu er óskað eftir, á þáttum eða atriðum seljendur eru að keppa og hverjar eru lágmarkskröfur til þjónustunnar. Ef ekki er staðið við þær lágmarkskröfur sem samþykktar eru í örútbóði má ógilda útbóðið.

### Sameiginlegt fyrir vöru og þjónustu:

Fyrirhuguð innkaup verða að vera í samræmi við fjárlög og kostnaðaráætlun þarf að liggja fyrir. Þannig eykur þú líkurnar á því að gefin tilboð standist og þú getir staðið við þær skuldbindingar sem leiða af örútbóðinu.

Þegar þú gerir þarfalýsingu skaltu skoða og meta vel hvaða þarfir eru nauðsynlegar og hvað annað væri gott að hafa inni. Kröfur í örútbóðinu skulu síðan vera í samræmi við þarfirnar. Of viðamiklar kröfur eða þarfir geta skemmt fyrir æskilegri útkomu örútbóðsins.

### “Skal” kröfur og viðbótarkröfur

Hægt er að skipa kröfum í örútbóðinu upp í svokallaðar “skal” kröfur þ.e. þær kröfur sem verður að uppfylla að lágmarki og síðan tilgreina nokkra aðra þætti, “þarf” kröfur hægt er að uppfylla í mismiklum mæli og skal verðleggja og meta sérstaklega.

Þannig getur góð kröfulýsing jafnvel gefið strax til kynna hverjir seljendanna innan samningsins eru í stakk búinir til að uppfylla skilyrði örútbóðsins.



## **5. Verð og afhendingarskilmálar:**

---

Leggðu vel niður fyrir þér verðin sem þú vilt fá og verðin sem þú átt von á að fá og hvað verð þú munt sætta þig við.

Þegar þú ákveður afhendingarskilmála verðurðu að taka tillit til allra þátta sem geta haft afgerandi áhrif á afhendingu.

## **6. Umgjörð örútboða:**

---

Örútboð skulu fara fram skriflega (eða rafrænt) og þurfa að skiptast í eftirfarandi þætti:

Örútboðstilkynning

Örútboðsgögn:

- Yfirlit yfir almenn skilyrði örútboðsins og drög að samningi
- Kröfulýsing með skilgreindum lágmarkskröfum
- Yfirlit yfir spurningar og svör
- Afhendingarskilmálar
- Eftir atvikum öll önnur nauðsynleg gögn sem við koma örútboðinu.

Sjá sniðmát á vef Ríkiskaupa:

<http://www.rikiskaup.is/rammasamningar/almennt-um-rammasamninga/nr/480>

## **7. Mikilvæg hjálpargögn:**

---

Öll hjálpargögn sem tiltæk eru og styðja við örútboðið skulu fylgja útboðsgögnum til glöggvunar fyrir bjóðendur eftir því sem við á. Þegar kemur að aðkeyptri þjónustu eins og t.d. ræstingu skal hafa í huga að bjóðendum sé gert kleift að skoða viðkomandi húsnæði og aðstöðu til að auðvelda tilboðsgerð.



## **8. Tímarammi:**

---

Gefa skal tilhlýðilegan tilboðsfrest sem ræðst af umfangi verkefnisins skv. almennum útboðsreglum og kynna hann vel.

## **9. Afhending útboðsgagna:**

---

Senda þarf útboðstilkynningar á alla seljendur í viðkomandi rammasamningi og hafa útboðsgögn aðgengileg fyrir þá. Hafa ber í huga að ekki eru allir seljendur í stakk búnir til að bjóða í alla hluta samnings.

Útboðsgögn er annað hvort hægt að senda á alla aðila eða hafa þau aðgengileg á vef. Senda má útboðsgögn hvort heldur er í almennum pósti eða tölvupósti.

## **10. Fyrirspurnir og svör:**

---

Huga þarf að því hvort halda beri sameiginlegan fund með öllum birgjum í upphafi ferlisins til að skýra markmið örútbóðsins.

Á útboðstíma skal bjóðendum gert kleift að senda inn skriflegar fyrirspurnar um atriði er snúa að örútbóðinu og skal þeim svarað skriflega. Allir bjóðendur skulu hafa aðgang að öllum fyrirspurnum og svörum.

## **11. Mat á tilboðum – Matslíkan og vægi:**

---

Aðeins tilboð sem berast innan tilskilins tilboðsfrests eru talin gild. Mat á tilboðum fer fram eftir fyrirfram skilgreindu matslíkani sem ekki má stangast á við upprunalega rammasamningsmatslíkanið.

## **12. Taka tilboða:**

---

Tilboð eru opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Tilkynna skal um töku tilboða til þess eða þeirra sem valdir eru auk þess sem upplýsa þarf þá sem ekki fengu.

Rökstuðningur fyrir töku tilboðs skal fylgja til þeirra sem ekki fengu og hinna ef óskað er.

### 13. Gildistaka og undirritun samnings:

---

Samningsformið er útfyllt og undirritað af seljenda og kaupanda. Upplýsa skal Ríkiskaup um að samningur sé kominn á og við hverja var samið.

### 14. Lög um opinber innkaup nr. 84/2007:

---

Kveðið er á um rammamninga í 34. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

### 15. Úr handbók um opinber innkaup 2008:

---

Í handbók um opinber innkaup gefin út af fjármála-ráðuneytinu og Ríkiskaupum í febrúar 2008 kemur m.a. fram:

“Þannig felur greinin í sér þá grunnhugsun að þar sem rammamningar séu gerðir að undangengnu almennu eða lokuðu útboði sé hægt að líta svo á að fullnægt hafi verið útboðsskyldu við gerð einstakra samninga á grundvelli þeirra. Samkvæmt íslenskri framkvæmd er kaupanda, sem er aðili að rammamningi, óheimilt að bjóða út innkaup eða kaupa inn með öðrum hætti fram hjá rammamningi ef rammamningur tekur til innkaupanna og honum hefur ekki verið sagt upp eða rift. Kaupandi, sem ekki vill vera bundinn af rammamningi, verður að segja sig frá rammamningi áður en hann getur keypt inn sjálfstætt. Í framkvæmd fá aðilar rammamningakerfisins tilkynningar um væntanleg útboð einu sinni á ári. Ríkisstofnanir geta, ef um sérstakar þarfir er að ræða, sagt sig frá einstökum rammamningum en þurfa þá að rökstyðja ákvörðunina gagnvart fjármálaráðuneytinu. Sveitarfélögum ber ekki samkvæmt lögum að vera aðilar að rammamningakerfi Ríkiskaupa en gera það sum með sérstakri tilkynningu (umboði). **Brot á skyldum kaupanda samkvæmt rammamningi geta varðað bótaskyldu samkvæmt almennum reglum.**”



## **16. Úr greinargerð með frumvarpi til laga um OI:**

---

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga sem varð að lögum nr.84/2007 um opinber innkaup kemur fram vegna 34. greinarinnar:

“Í samræmi við meginreglur íslensks samningaréttar hefur verið litið svo á að aðilar rammasamnings **ættu ekki sjálfðæmi um hvort þeir keyptu inn samkvæmt rammasamningi eða skiptu við aðra aðila**. Þeir opinberu aðilar sem á annað borð eru aðilar að rammasamningi eða kerfi fleiri rammasamninga verða samkvæmt þessu að kaupa inn á grundvelli rammasamnings og geta t.d. ekki farið í sjálfstætt útboð vegna vöru eða þjónustu sem fellur undir rammasamning. Af þessum sökum verður seint lögð of mikil áhersla á það að það sé skýrt til hvaða vöru eða þjónustu rammasamningur tekur”.

## **17. Tilvitnanir í lög um opinber innkaup nr 84/2007:**

---

Skilgreining á rammasamningi kemur fram í 16. tl. 2. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup:

“Rammasamningur: Samningur sem einn eða fleiri kaupendur skuldbinda sig til að gera við eitt eða fleiri fyrirtæki í þeim tilgangi að slá föstum skilmálum einstakra samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og fyrirhugað magn, ef við á”.



## **18. Örutboð skv. 5. og 6. mgr. 34. gr. laga nr 84/2007:**


---

“Ef rammasamningur er gerður við fleiri en eitt fyrirtæki skulu rammasamningshafar vera a.m.k. þrír, enda séu fyrir hendi nægilega mörg fyrirtæki í rammasamningsútboði sem fullnægja hæfisskilyrðum og/eða tilboð sem fullnægja skilmálum rammasamningsútboðsins.

Ef skilmálar rammasamnings eru ákveðnir er heimilt að gera einstaka samninga við rammasamningshafa í samræmi við ákvæði rammasamnings. Ef skilmálar rammasamnings eru að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram örutboð milli rammasamningshafa, eftir atvikum eftir að skilmálar eða tæknilegar kröfur hafa verið skýrðar nánar”.

### **Gæta skal að því að fara í einu og öllu eftir lögum og reglum um opinber innkaup.**

- Allir seljendur að umræddri vöru og/eða þjónustu í rammasamningi verða að vera með í örutboði.
- Virðið tilskyldan tilboðsfrest til að gera bjóðendum kleift að vinna tilboðin vel.
- Tilboð skulu send inn skriflega og teljast einungis gild að uppfylltum öllum skilyrðum útboðsins.
- Taka tilboða skal tilkynnt og farið eftir fyrirfram skilgreindu valmódeli sem ekki stangast á við valmódel og kröfur viðkomandi rammasamnings
- Fara skal í einu og öllu eftir reglum um jafnræði, gegnsæi og meðalhóf



Verkefnastjórar á ráðgjafarsviði Ríkiskaupa eru vel í stakk búnir að aðstoða við undirbúning og gerð örútbóta eða þú getur valið að láta þá alfarið sjá um örútbótið og sparað þannig tíma og fyrirhöfn.

[utboð@rikiskaup.is](mailto:utboð@rikiskaup.is)  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

Byggt á: Lögum um opinber innkaup nr 84/2007  
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB